

Skógarpósturinn

Ágætu skógarbændur.

Nú er aðalfundur Landssamtaka skógareigenda afstaðinn. Hann var vel sóttur, haldinn að Eiðum í stórbrotinni náttúrufergurð og félagar okkar fyrir austan eiga mikinn heiður skilið og góðar þakkir fyrir allan undirbúning og skipulag, bæði hvað varðar fundinn, gistingu og viðgjörning. Árshátíðin var stórskemmtileg og gönguferðin nærandi fyrir sál og líkama.

Við ferðalok var farið í heimsókn í Gróðrarstöðina Barra, þar sem Skúli Björnsson tók vel á móti okkur. Það var mjög áhugavert að sjá hve myndarlega hefur verið staðið að uppbyggingu á svæðinu og gæði og tækni efst á blaði á þeim bæ. Það er mikið áhyggjuefni, þegar trjáplöntuframleiður hafa byggt myndarlega upp, til að svara kalli tímans um gæði og framboð, að stjórnvöld skuli haldin svo alvarlegu skilningsleysi, að þau hiki ekki við að taka u-beygu í framlögum til landshlutaverkefna í skógrækt. Eftir sitja trjáplöntuframleiðendur og skógræktendur með sárt ennið. Það er spurning, með hvaða hætti hægt er að tryggja öruggt og stöðugt framboð af trjáviði, með stöðugri og markvissri ræktun, án framlaga frá stjórnvöldum. Það er vissulega nauðsynlegt að velja því fyrir sér. Jafnframt er það furðulegt, að félög skógareigenda þurfa að verja miklum tíma og peningum í að vera á varðbergi og verjast fimlega, þegar stjórnvöld og nefndir á þeirra vegum, senda frá sér tillögur um breytingar á lögum er varða málefni skógareigenda. Það er ekki annað að sjá, en að markvisst sé unnið að því að ganga mjög á eignarétt og ráðstöfunarrétt bænda og landeigenda, það jafnvel svo að furðu sætir.

Á félagsfundum sem boðaður er í þessum pósti, er ætlunin að ræða þessi mál og það sem helst var rætt á aðalfundi, þannig að félagsmenn geri sér grein fyrir því sem er að gerast og hvað sé á döfinni.

Hlakka til að sjá ykkur á Hótel Heklu, laugardaginn 5. nóv.

Akurbrekku, 28. október 2011

María E. Ingvadóttir, formaður FsS.



Félagsfundur, 5. nóvember 2011, kl. 14.00
að Hótel Heklu á Skeiðum

Dagskrá fundarins:

- * Fréttir frá aðalfundi Landssamtaka skógareigenda 7. og 8. október s.l.
- * Skógrækt, breytingar á lagaumhverfi
- * Sölusamtök skógeigenda, stofnun félags
- * Flutt verður erindi Þrastar Eysteinnssonar, sem hann flutti á ráðstefnunni Heimsins græna gull, 22. október s.l.
- * Önnur mál

Frá aðalfundi Landssamtaka skógarbænda í október s.l.:

Á gönguferð í nágrenni Eiða, hnaut kona um kvist og var svo heppin að vera gripin. Þá varð Guðna á Þverlæk að orði:

Margt gerist skondið á skógarlóð
sögur af því ei firmi
á gönguferð hin fögru fljóð
féllu fyrir Birni.

NETFÖNG ÓSKAST

Stundum getur verið gott að geta komið orðsendingum til félaga með stuttum fyrirvara án þess að senda út heilan Skógarpóst. Þá getur tölvupóstur komið sér vel. **Stjórnin biður féлага að senda sér netföng . Upplýsingar berist á stefan-sigrídur@simnet.is**

11.árg., 4.tbl.2011, Skógarpósturinn, fréttabréf Félags skógareigenda á Suðurlandi, Austurvegi 1, 800 Selfossi.

Ritstjóri, Sigríður Hjartar, netfang, stefan-sigrídur@simnet.is.

Ábyrgðarmaður, María E. Ingvadóttir.